

33. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn að Eyravegi 8, 16. nóvember 1995, kl. 10.30.

Mættir: Guðmundur Hermannsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Grétar Zophaníasson og Þorvarður Hjaltason.

1. Guðmundur Hermannsson lagði fram eftirfarandi tillögu:

“Í framhaldi af fundi með fulltrúum Ölfushrepps og vegna framkominnar tillögu um samning við Gámaþjónustuna leggur undirritaður fram eftirfarandi tillögu.

1. Samningsdrögum við Gámaþjónustuna verði hafnað.
2. Samning við Gám hf. verði sagt upp frá og með 1. desember n.k. með sex mánaða fyrirvara.
3. Gerð verði úttekt á rekstri sorpurðunarsvæðisins að Kirkjuferjuháleigu og kannað hvernig reksturinn falli að upphaflegum markmiðum. Hvert er núverandi sorpmagn sem urðað er á svæðinu frá sveitarfélögum á Suðurlandi og hverjar eru horfur í þeim efnunum miðað við:
 - 1) Núverandi urðun.
 - 2) Verulega aukna flokkun og endurvinnslu.Kannaður verði raunkostnaður við urðun pr. rúmmetra af sorpi og í þeim kostnaði verði tekinn kostnaður við gerð urðunarreina.
Kannað verði hvert er hagkvæmasta rekstrarformið og hver sé heppilegasta nýting á mannafla og tækjum við sorpurðunina, miðað við núverandi urðun og til lengri framtíðar lítið.
4. Þegar framantalið liggur fyrir verði kannað, hvort hagkvæmt geti talist til lengri tíma lítið að taka inn til urðunar á sorphaugunum, sorp frá aðilum utan héraðs. En þá verði tryggt að hagsmunir Sunnlendinga verði ekki fyrir borð bornir, þannig að endingartími urðunarsvæðisins verði að minnsta kosti 20 ár með því að:
 - a) Takmarka magn frá slíkum aðilum við ákveðið hlutfall af heildarmagni sem urðað er á svæðinu.
 - b) Tryggja aukna flokkun og endurvinnslu eins og hagkvæmt getur talist.
 - c) Tryggja að slíkir samningar samræmist þeim leyfum sem fyrir liggja um sorpurðun að Kirkjuferjuháleigu, bæði hvað varða starfsleyfi og skipulagsforsendur.
5. Fulltrúar sorpstöðvarinnar hefji nú þegar viðræður við Vegagerðina um að hún greiði að stærstum hluta kostnað við vegalagningu að sorpurðunarsvæðinu en áætlaður kostnaður er 16 milljónir. Jafnframt verði málið kynnt þingmönnum Suðurlands.

Tillaga þessi er fram komin vegna þess að undirritaður telur um margt óheppilega að þeirri ákvörðun staðið að taka inn til urðunar sorp frá aðilum utan héraðs í svo stórum

stíl sem lagt er til. Áður en frá slíku máli er gengið, þarf að liggja fyrir rökstudd greinargerð, auk þess að telja verði eðlilegt að kynna málið fyrir öllum hlutaðeigendum. Til þess að skaða ekki fyrirtækið á síðari stigum.

Guðmundur Hermannsson.
sveitarstjóri Ölfushrepps.

Málinu frestað til næsta stjórnarfundar.

2. Bréf frá hreppsnefnd Eyrarbakkahepps, dags. 17.10.95. varðandi söfnun og endurvinnslu pappírs.

Málið er til athugunar.

3. Bréf Karls Björnssonar, bæjarstjóra á Selfossi, dags. 19. okt. sl. og svarbréf Heilbrigðiseftirlits Suðurlands dags. 27. okt. sl. varðandi söfnun og endurvinnslu pappírs.

Til kynningar.

4. Greinargerðir Lögmannna Suðurlands og Verkfræðistofu Suðurlands vegna bótakröfu Auðsholts á hendur Sorpstöð Suðurlands lagðar fram.

5. Bréf frá Andra Árnasyni, dags. 13. nóv. 1995, ásamt beiðni hans, dags. sama dag fh. Ölfushrepps um dómkvaðningu yfirmatsmanna vegna bótakrafna eigenda Hvalsbrúnar.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson lagði fram og gerði grein fyrir lista yfir atriði sem hann taldi að þyrfti að koma fram í greinargerð sem lögð yrði fram við yfirmatið. Samþykkt að senda þennan lista ásamt öðrum gögnum til lögmannna Ölfushrepps og Sorpstöðvar Suðurlands.

6. Ósk Gámaþjónustunnar um samstarfssamning við Sorpstöð Suðurlands auk draga að samningum um sorpurðun og pappírssöfnun.

Frestað til næsta stjórnarfundar sbr. afgreiðslu fyrsta dagskrárliðar.

Fundi slitið kl. 12.45.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.
Guðmundur Hermannsson.
Þorvarður Hjaltason.
Grétar Zophaníasson.